

Frá: Vignir Guðjónsson
Sent: fimmtudagur, 7. apríl 2022 12:10
Til: Gísli Halldór Halldórsson
Efni: Gróðurbeð í miðbæ Selfoss

Formlegt erindi/beiðni um að Svf. Árborg taki að sér gróðursetningu og umhirðu í gróðurbeðum miðbæjar. Á meðfylgjandi uppdrætti sést, með grænum útlínum, um hvað er að ræða, en upptalið er það:

- 5 gróðurkassar í tröppum á Brúartorgi
- 2 gróðurbeð í tröppum á Brúartorgi
- 1 gróðurbeð í við tröppur og ramp við stoðvegg hjá Ráðhúslóð
- 1 gróðurbeð við austurenda hússins Sigtúns, við bak styttu af Agli Thor
- 3-4 trjá/gróðurbeð á gangbraut í Brúarstræti

Sigtún Þróunarfélag hefur hannað og framleitt þau beð og götugögn sem um ræðir og afhenda Svf. Árborg til reksturs, sbr. samningsdrög um rekstur opinna svæða í miðbæ Selfoss. Þar segir einnig m.a.: "Árborg mun útvega á sinn kostnað og sjá um uppsetningu á götugögnum. Aðilar eru sammála um að leitast við að velja eins viðhaldslítinn gróður og götugögn og hægt er."

Sumarið nálgast og framundan er sá tími árs sem hentugast er að koma niður hverskyns gróðri. Útlit og ásýnd opinna svæða í miðbæ Selfoss hefur mikil áhrif á upplifun gesta og því aðkallandi að gróðurbeð og frágangur þeirra séu í góðu horfi þegar fyrirséð er að fjöldi gesta muni aukast umtalsvert á komandi vikum og mánuðum. Það er því aðkallandi að koma verkefninu í ferli sem allra fyrst.

Sigtún Þrf. óskar eftir því við Svf. Árborg að Eignadeild eða öðrum hlutaðeigandi verði falin umsjón með verkinu og að því verði sinnt með eins skjótum hætti og mögulegt er, í góðu samráði og samvinnu við fulltrúa Sigtún Þrf.

Vinsamlega staðfestu móttöku og að þetta fari í ferli.

Bestu kv

Vignir Guðjónsson
Framkvæmdastjóri
Sigtún Þróunarfélag